

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



## Karllakór Kjalnesinga


### TÓNLEIKA- OG SKEMMTIFERÐ TIL CARDIFF, WALES 4. – 9. ÁGÚST 2016

#### Fararstjórar: Erlendur Þór Elvarsson og Jóna Fanney Svavarsdóttir

„Þegar þeir flytja tónlist syngja þeir ekki einraddað eins og er gert allstaðar annarstaðar heldur í röddum og í pörtum. Ef þú hlustar á hóp kórmanna gætir þú heyrt jafn mörg lög að því virðist eins og kórmennirnir eru margir og það virðist sem enginn kórmanna syngi sama lagið hvað þá í sömu tóntegund. Samt hljóma þeir allir saman“.

Þessi tilvitnun er tekin úr texta þar sem vitnað er í Velska sönghefð um 1198.

## WALES




Wales er suðausturhluti Bretlands. Landið nær frá Írlandshafi í norðri og til Bristolflóa í suðri. Í austri liggja landamæri Wales að Englandi. Wales er um 20.779 ferkílómetrar að stærð og íbúaföldi er rétt rúmar 3,6 milljónir.

Talið er að Walesbúar reki rætur sínar til þjóðflokka Kelta sem fluttust frá meginlandi Evrópu og settust að á Bretlandseyjum 1000 fyrir Kristburð. Fyrstu skráðu heimildirnar um Wales má hinsvegar finna úr ritum Rómverja frá árinu 48 eftir dauða Krists. Í þeim ritum segir að Walesbúar hafi talað Keltneska málísku sem nefnd var Britónska. Þetta tungumál þróaðist í tímans rás og varð síðar að því tungumáli sem við þekkjum í dag sem velsku og í dag er Wales tvítyngt samfélag þar sem velsku og ensku er gert jafnhátt undir höfði, flestir eiga þó ensku að móðurmál.

Saga Wales er mikil og löng og þar koma þekktir einstaklingar eins og Artúr konungur við sögu. 1536 undirrituðu Wales og England sinn fyrsta sambandsríkjasáttmála. Þó er eitt sem Walesverjar tala ekki mikið um en það er að þar barðist Egill nokkur Skallagrímsson í einni af frægari orrustum víkingatímans. Sú orrusta átti sér stað við Vínheiðr í Wales en Bretar þekktu hana sem orrustuna við Brunanbuch árið 937. „Fyrir Bretlandi réðu bræður tveir, Hringur og Aðils, og voru skattgildir undir Aðalstein konung, og fylgdi það, þá er þeir voru í her með konungi, að þeir og þeirra lið skyldi vera í brjósti í fylking fyrir merkjum konungs; voru þeir bræður hinir mestu hermenn og eigi allungir menn.“ Er af þessu ljóst að hópferðir Íslendinga til Wales eru ekki nýjar af nálinni og hafa Íslendingar alla tíð haft mikla skemmtun og hlotið frægð vegna ferða sinna þangað. Wales er rómað fyrir náttúrufegurð!

## CARDIFF



Höfuðborg Wales er Cardiff eða Caerdydd eins og hún heitir á tungu innfæddra. Cardiff er tíunda stærsta borg Bretlands og þar búa um 350.000 manns. Borgin er miðstöð verslunar og viðskipta í Wales og einn vinsælasti áningastaður þeirra ferðamanna sem til Wales koma. Hvar sem komið er niður er Cardiff hampað fyrir fjölbreytilegt mannlíf sitt, áhugaverða staði og skemmtanagildi og er borgin t.d. í sjötta sæti á lista National Geographic yfir áhugaverðustu ferðamannastaði heims!


## AFÞREYING OG MANNLÍF



Cardiff hefur upp á að bjóða óhemjumagn afþreyingar fyrir ferðafólk og það sem gerir borgina enn meira spennandi fyrir ferðamenn er að það er auðvelt að ferðast gangandi um borgina og á milli áhugaverðra staða. Sem dæmi má nefna að þá eru Þjóðminjasafn Cardiff, hin glæsilegi Cardiff kastali og Millenium höllin staðsett í miðborg Cardiff ásamt glæsilegu nýju íþróttamannvirki. Í miðborginni má einnig finna endalausan fjölda af verslunum, verslunarmiðstöðvum, veitingastöðum og börum. Spölkorn frá miðbænum eru fjöldamargar sjálfstæðar fatabúðir, veitingastaðir og barir sem eru heimsóknarinnar virði. Við höfnina, niður við *Mermaid Quay* má finna menningarhjarta borgarinnar þökk sé *Millennium miðstöðvarinnar* sem var reist þar. Fyrir þá sem eru að leita að smá fjöri og skemmtun eða afslöppun eftir erfiðan verslunardag að þá er nauðsynlegt að fara niður að höfninni við Cardiff-flóann, koma sér fyrir á einum af þeim fjölmörgu veitingastöðum sem þar eru, sjá Cardiff lifna við eftir myrkur og njóta

útsýnisins yfir flóann. Niður á höfninni er líka hægt að taka fljótabát og njóta þess að taka siglingu um Cardiff-flóann og upp ána Taff. Þeir sem vilja meiri hasar geta farið í Vatnaveröldina *White Water* við Cardiff-flóa og meira að segja farið í flúðasiglingu nánast í miðbæ Cardiff.

## ÁHUGAVERÐIR STAÐIR OG SÖFN



Í Cardiff er af svo mörgu að taka þegar kemur að áhugaverðum stöðum að listinn er nánast ótæmandi, en til þess að nefna eitthvað má benda áhugasömum á eftirfarandi staði:

**Cardiff Kastali** er ein af best varðveittu kastalabyggingum Evrópu. Kastalinn og það sem er varðveitt innan kastalaveggjana gerir það að verkum að kastalinn er kallaður “Cardiff Castle All-action attraction”. Þar er að finna ótrúlegt magn af minjum og gripum sem tengjast sögu Wales og því öllu komið fyrir á tiltölulega litlu svæði. Innan kastalaveggina sem einir og sér eru nógu áhugaverðir og glæsilegir, má sjá muni og gripi sem eru um og yfir 2000 ára gamlir. Ferðamenn sem skoða kastalann geta hlaðið niður “Cardiff-kastala appinu” og notað það sem leiðsögumann um safnið. Eitt áhugavert sem opnast manni við það að heimsækja Cardiff Kastala eru neðanjarðarbyrgin í Cardiff. Loftvarnabyrgin í miðbænum og göngin sem tengja þau saman voru notuð í síðari heimstyrjöldinni og rúmuðu um 2000 manns. “The firing line” er sýning innan safnsins í Cardiff Kastala sem sýnir 300 ára sögu Welsku herdeildanna sem barist hafa fyrir Breska heimsveldið. Þar má finna gripi, myndir og lýsingar á viðburðum sem tengjast herdeildunum tveimur The Queen’s Dragoon Guards and The Royal Welsh. Það er oft mikið um líf og fjör í Cardiff kastala í júlí og ágúst en þá mæta riddarar og aðrir vopnfærir menn til Cardiff og stunda miðalda bardaga innan kastalaveggjanna. Skipa menn sér þá í sveitir og berjast með sverðum, spjótum, kesjum og öxum um yfirráð yfir kastalanum. **St. Fagans History Museum** er einn af 10 áhugaverðustu stöðum Bretlandseyja að mati Tripadvisor. Safnið er einskona lifandi þjóðminjasafn Wales. Þar má finna allt varðandi sögu og mannlíf í Wales fram á okkar tíma. Safnið er uppbyggt í kringum sögulegar minnjar og lifandi viðburði svo sem eins og járnsmiði og handverksfólk sem vinnur á safninu og selur þar vörur sínar. Á safninu er bóndabær með upprunalegum Velskum dýrum og er hann rekinn eins og gert var til forna og þar er einnig margt fleira áhugavert að sjá. **Wales Millennium Center** er listhús þeirra í Cardiff. Þar eru á boðstólnum óperusýningar, leiksýningar, ballett, klassískir og rokk/popp tónleikar. Þeir sem hafa áhuga á því að upplifa sviðslistir á heimsmaelikvarða finna örugglega eitthvað við sitt hæfi í Millennium Center.

## AÐ VERSLA Í CARDIFF

Fyrir þá sem vilja versla á ferðalögum að þá er Cardiff í hópi 10 helstu verslunarborga Bretlandseyja. Miðbærinn byggist upp af göngugötum sem eru fullar af verslunum og verslunarmiðstöðvum og Cardiff þekkt sem borg verslunarhverfinganna. Í miðbæ Cardiff má finna öll helstu vörumerki heimsins.

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



**St. David's** verslunarmiðstöðin er í hjarta borgarinnar og státar af fjöldanum öllum af frægum vörumerkjum eins og H&M, Hamleys, Apple, Marks & Spenser, John Lewis og Debenhams svo einhver séu nefnd. Þeir sem hafa áhuga á því að skoða hvað er í boði í verslunarmiðstöðinni geta farið inn á [stdavidscardiff.com](http://stdavidscardiff.com) og skoðað verslanir og tilboð sem eru í gangi á hverjum tíma.



Verslunarhvelvingarnar sem borgin er þekkt fyrir eru í stíl og frá tímum Viktoríu- og Edwardíantímans í Cardiff. Í fjölbreytileika sínum bjóða þær upp á öðruvísi upplifun en þá sem fólk fær af því að þramma helstu verslunargötur bæjarins. Í gegnum tíðina hefur mátt finna þar alla helstu matvörusala borgarinnar: kjötkaupmenn, fiskisala, bakara ásamt grænmetis- og ávaxtamörkaði, já og iðandi mannlíf. Þessar sögulegu verslunarmiðstöðvar *The Castle Quarter*, *Castle Arcade*, *Duke Street Arcade* og *Castle Arcade* eru fullar af "vintage" fataverslunum, handverksverslunum og kaffihúsum. Í nokkura skrefa fjarlægð má svo finna *The Royal Arcade*, *Wyndham Arcade* og *Morgan Arcade* sem eru verslunarmiðstöðvar fullar af fataverslunum, skartgripabúðum og veitingastöðum.

Afhverju að versla í Cardiff? Það besta við að versla í Cardiff er að miðbærinn er næstum eingöngu fyrir gangandi vegfarendur og hentar vel fyrir þá sem vilja rölt á milli verslana í rólegheitum í stað þess að stunda verslunarmarþon eins tíðkast í flestum öðrum borgum.

## MATUR OG MATARGERÐARLIST Í CARDIFF - VEITINGASTAÐIR OG AFÞREYING



Hugmyndarfræðin á bak við það sem í boði er á veitingastöðum í Wales og Cardiff er ekki ósvipað því sem við þekkjum á Íslandi. Borgin er þekkt fyrir alþjóðlega eldamennsku og þar geta ferðamenn fundið allt sem hugurinn gírnist í mat og drykk sama hvort um er að ræða indverska, ítalska eða franska matargerðarlist. Þar má finna steikhús, hamborgarastaði og pizzustaði, í Cardiff er einfaldlega allt í boði og eldamennskan er vönduð og rómuð af matgæðingum og að sjálfsgöðu er líka hægt að komast í þjóðlega og spennandi rétti og kynnast menningunni í gegnum bragðlaukana.



## FERÐALÝSING

### 1. DAGUR – KOMUDAGUR

**07:40** flugið frá Keflavíkurflugvelli og lent á London Heathrow kl. 11:45 að staðartíma

**13:00** rúta frá London Heathrow til Cardiff, Wales, stoppað á leiðinni, létt snarl að eigin vali og jafnvel eitthvað skemmtilegt skoðað, fer eftir tíma.

**16:00** áætluð koma til Cardiff. Farið á hótelið.

**20:00** sameiginlegur kvöldverður

### 2. DAGUR – SKOÐUNARFERÐ UM CARDIFF MÆÐ LEIÐSÖGN f. þá sem vilja (innifalið í heildarverði) – FRÍDAGUR

### 3. DAGUR – TÓNLEIKADAGUR

### 4. DAGUR – FRÍDAGUR eða SÉRFERÐ: Skoðunarferð um Wales (ekki innifalin í heildarverði, þarf að skrá sig í þessa ferð)

Sérferð: Skoðunarferð um annaðhvort suður eða vestur Wales eða þá meðfram ströndinni, sjá forna kastala og klaustur, rómverskar rústir, fallega dali og bæi og fleira og fleira áhugavert, t.d. Wye Valley, Hay on Wye (bókabæinn) Chepstow Castle, Tinted Abbey... og lengi má telja.

### 5. DAGUR – FRÍDAGUR – SÉRFERÐIR

Sérferðir munu mögulega vera sigling á Cardiff-flóa eða ánni Taff, skoðunarferðir um Wales, heimsókn í bruggverksmiðjur og fleira skemmtilegt sem okkur dettur í hug (má líka hafa eitthvað þannig sem fasta ferð í heildarverði, passi það inn í heildarverðið) Wales er þekkt fyrir góðan bjór og gott whisky, en whiskey hefur verið bruggað þarna frá því árið 356...komin nokkuð góð reynsla á bruggerið hjá þeim.

### 6. DAGUR – BROTTFARARDAGUR – FYRIR HÁDEGI FRÍDAGUR Í CARDIFF eða FARA FYRR AF STAÐ FRÁ CARDIFF OG KOMA VIÐ Í STONEHENGE

...þennan dag þurfum við að útfæra smá í samvinnu við hótelið þar sem venjulega þarf að skrá sig út af hótelinu um kl. 10, það þarf því að gera ráðstafanir með farangurinn, einnig möguleiki á að leggja fyrir af stað og koma við í Stonehenge. Aðgangseyrir að Stonehenge og safninu þar er um 2500 kr. og spurning hvort að rútan myndi kosta eitthvað meira við að taka þessa smá útúrdúra, þá væri eins spurning hvar ætli að borða hádegisverð.

**16:00** farið frá Cardiff og haldið til London Heathrow eða leggja fyrir af stað og skoða Stonehenge, jafnvel með viðkomu í borginni Bath og borða þá hádegisverð þar.

**19:00** komið á flugvöllinn

**21:10** flug frá London Heathrow kl. 23:10 lent á Keflavíkurflugvelli

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



Með fyrirvara um prentvillur

[www.eldhusferdir.is](http://www.eldhusferdir.is)

Við erum á Facebook



# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



samningnum eða gera viðbótarsamning er tilgreini þær breytingar sem gerðar eru á upphaflega samningnum og áhrif þeirra á verð og önnur kjör.

Sé ferð aflýst, eða farþegi riftir samningi þegar um verulega breytingu er að ræða á ferð áður en hún hefst, á farþegi rétt á að fá að fullu endurgreiðslu eða taka í staðinn aðra ferð sambærilega að gæðum eða betri ef ferðaskrifstofan getur boðið slík skipti. Ef ferðin sem boðin er í staðinn er ódýrari fær farkaupi verðmismuninn endurgreiddan. Ef ferðin er dýrari greiðir farkaupi mismuninn.

Tímasetningar sem gefnar eru upp við pöntun ferðar eru áætlaðar og geta breyst.

Ferðaskrifstofu er heimilt að aflýsa ferð ef í ljós kemur að þátttaka er ekki næg, enda hafi í kynningu á ferðinni verið krafist ákveðins lágmarksfjölda farþega. Tilkynna ber þátttakendum um aflýsingu bréflaga eigi síðar en þremur vikum fyrir áætlaðan brottfarardag. Ferðum sem vara í eina viku eða skemur má þó aflýsa með tveggja vikna fyrirvara.

## 7. SKYLDUR ÞÁTTTAKENDA

Farþegar eru skuldbundnir að hlíta fyrir mælum fararstjóra eða starfsfólks þeirra aðila er ferðaskrifstofa skiptir við. Farþegi er skuldbundinn að hlíta lögum og reglum opinberra aðila í þeim löndum sem hann ferðast um, taka tillit til samferðarmanna sinna og hlíta þeim reglum er gilda á flutningatækjum, áningarstöðum (t.d. flughöfnum), gisti- og matsölustöðum o.s.frv., enda ber hann ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda með framkomu sinni. Farþegi sem mætir ekki á brottfararstað (s.s. flugstöð) á réttum tíma hefur fyrir gert rétti sínum til bóta ef hann af þeim sökum verður af pöntuðu fari. Brjótur farþegi af sér í þessum efnum eða gefi við upphaf ferðar tilefni til þess að ætla að hann verði samferðafólki sínu til ama með framkomu sinni, er ferðaskrifstofu heimilt að hindra hann í að hefja ferð sína eða halda henni áfram og verður hann þá að ljúka henni á sinn kostnað, án endurkröfuréttar á hendur ferðaskrifstofu. Ferðaskrifstofu er heimilt að hafna viðskiptum við fólk vegna fyrri brota svo og við þá sem ferðaskrifstofa telur ekki fara til að ferðast vegna sjúkdóma o.þ.h.

## 8. TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR OG SKAÐABÆTUR

Þátttakendur eiga þess kost að kaupa á sinn kostnað ferða-, slysa/sjúkra- og farangurstryggingu fyrir milligöngu ferðaskrifstofu eða hjá tryggingafélögum. Einnig forfallatryggingu/gjald þar sem slík vernd er ekki innifalin í verði ferðar. Ferðaskrifstofa áskilur sér jafnframt rétt til að takmarka skaðabætur í samræmi við takmarkanir sem kveðið er á um í landslögum eða alþjóðasamningum.

Ferðaskrifstofa gerir ráð fyrir að þátttakendur í hópferðum séu heilir heilsu þannig að ekki sé hætt á að þeir valdi öðrum óþægindum eða tefji ferðina vegna sjúkdóms. Ef farþegi veikist í hópferð ber hann sjálfur ábyrgð á kostnaði sem af því kann að hljóta sem og kostnaði við heimferðina. Farþegi á ekki rétt til endurgreiðslu þó hann ljúki ekki ferð af þessum ástæðum eða öðrum, sem ferðaskrifstofunni verður ekki um kennt.

Hugsanlegar kvartanir vegna ferðarinnar skulu berast fararstjóra strax og skal skrifleg kvörtun síðan berast ferðaskrifstofu eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi innan mánaðar frá því viðkomandi ferð lauk. Að öðrum kosti verða hugsanlegar bótakröfur ekki teknar til greina.

Verði farþegi fyrir meiðslum eða eignatjóni vegna þess að ferð er ófullnægjandi á hann rétt á skaðabótum nema því aðeins að:

- vanefnd á framkvæmd samningsins verði ekki rakin til vanrækslu ferðaskrifstofu eða annars þjónustuaðila
- af því að vanefndirnar eru sök farþega eða þriðja aðila sem ekki tengist þeirri þjónustu sem samið var um og eru ófyrirsjáanlegar eða óhjálkvæmilegar eða
- vanefndirnar eru vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða atburðar sem veitandi þjónustunnar gat með engu móti séð fyrir eða komið í veg fyrir.

Ef ferð fullnægir ekki ákvæðum samnings getur farþegi krafist þess að ráðin sé bót á nema það hafi í för með sér óeðlilegan kostnað eða veruleg óþægindi fyrir ferðaskrifstofu. Ef ekki er hægt að bæta úr því sem á vantar eða einungis með lakari þjónustu á farþegi rétt á verðlækkun á ferðinni sem jafngildir mismuninum á þeirri þjónustu sem samið var um og þeirri sem veitt er.

## ÞJÓNUSTU- OG BREYTINGAGJÖLD

Ef bókuð eru önnur þjónusta s.s. bílaleigubíll, hótél, leikhús, o.s.frv. greiðast lágmark 3.500 kr. Óski farþegi eflir annarri þjónustu en þeirri sem innifalin er í ferðinni t.d. breytingum á ferð, greiðist fyrir hana þjónustugjald lágmark 3.500 kr.

Verð á breytingu á flugi fer eftir verðskrá viðkomandi flugfélags, Eldhúsfélagið taka 500 kr. fyrir breytingar á flugi. Aðrir þjónustuaðilar geta líka mögulega rukkað breytingagjald.

Skilmálar þessir eiga alltaf við nema um annað sé samið sérstaklega og skal vera um það skriflegt samkomulag. Eldhúsfélagið – Cucina Travel áskilja sér rétt til að breyta skilmálum þessum án fyrirvara



## ALMENNIR FERÐASKILMÁLAR

### 1. UPPLÝSINGAR OG PÖNTUN

Í ferðabæklingi, verðskrá og auglýsingum ferðaskrifstofu skal tilgreina verð og allar upplýsingar sem ferðina snerta á greinargóðan og nákvæman hátt. Pöntun á ferð er bindandi samningur fyrir farþega og ferðaskrifstofu, en þó því aðeins að ferðaskrifstofa hafi staðfest pöntun skriflega og farþegi hafi á réttum tíma greitt tilskilið staðfestingargjald, þar sem þess er óskað. Ef farþegi hefur sett fram sérstakar kröfur um þjónustu skal það koma fram í samningi aðila.

### 2. GREIÐSLUR

Áætlað verð ferðar, eins og það er á greiðsludegi, skal greitt samkvæmt auglýstum skilmálum hvernar einstakrar ferðaskrifstofu. Ferðaskrifstofu er heimilt að óska eftir innborgun þegar pöntun er staðfest. Slíkt staðfestingargjald endurgreiðist ekki þó farþegi afturkalli pöntun eða ef ferðaskrifstofa riftir samningi vegna vanefnda farþega. Þegar fargjaldareglur flugfélaga eða annarra flutningsaðila ganga lengra hvað greiðslur varðar en almennir skilmálar SAF gildir sú regla er gengur lengra.

### 3. VERÐ OG VERÐBREYTINGAR

Uppgefið áætlað verð við staðfestingu pöntunar kann að taka breytingum ef breyting verður á einum eða fleiri eftirfarandi verðmyndunarþátta:

Flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði. -

Sköttum eða gjöldum fyrir tiltekna þjónustu s.s. lendingargjöldum eða gjöldum fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnunum eða á flugvöllum.

Gengi þess gjaldmiðils sem á við um tiltekna ferð.

EKKI MÁ BREYTA UMSÓMDU VERÐI SIÐUSTU 20 DAGANA ÁÐUR EN FERÐ HEFST.

Sérstakt þjónustugjald er innheimt fyrir þjónustu sem er ekki innifalin í verði ferðar s.s. sérpöntun á bílaleigubíli eða gistingu o.fl.

### 4. AFTURKÖLLUN EÐA BREYTINGAR Á PÖNTUN

Heimilt er að afturkalla farþöntun, án kostnaðar, sé það gert innan viku frá því að pöntun var gerð enda séu að lágmarki 5 vikur í brottför. Berist afpöntun síðar, en þó fjórum vikum fyrir brottför, áskilur ferðaskrifstofan sér rétt til að halda staðfestingargjaldinu eftir. Sé pöntun afturkölluð með minna en 28 daga en meira en 14 daga fyrirvara heldur ferðaskrifstofan eftir 50% af verði ferðarinnar. Berist afpöntun með skemmra en 14 daga fyrirvara á ferðaskrifstofan kröfu á 75% fargjaldsins, en sé fyrirvarinn aðeins fjórir virkir dagar eða skemmri er allt fargjaldið óafturkræft.

Ef þáttakandi mætir ekki til brottfarar á réttum tíma eða getur ekki hafið ferðina vegna skorts á gildum ferðaskilríkjum, svo sem vegabréfi, áritun þess, vottorðs vegna ónæmisáðgerða eða af öðrum ástæðum, á hann ekki rétt á endurgreiðslu ferðarinnar.

Farþega er ávallt heimilt að afturkalla farþöntun vegna stríðsaðgerða, lífshættulegra smitsjúkdóma eða annarra hliðstæðra tilvika sem hafa afgerandi áhrif á framkvæmd ferðar þegar 14 dagar eða færri eru til brottfarar. Í slíkum tilvikum ber ferðaskrifstofu að endurgreiða allt fargjaldið að frádregnu staðfestingargjaldi. Þetta gildir þó ekki ef farþegi hefði mátt sjá fyrir um ofangreinda atburði og ástand er samningur var gerður. Heimilt er að breyta agsetningu ferðar ef breytingin er gerð með meira en mánaðar fyrirvara. Sé það gert eftir þann tíma skoðast það sem afpöntun og ný pöntun og áskilur ferðaskrifstofan sér rétt til greiðslu samkvæmt því, sbr. afpöntunarskilmála hér að ofan.

Breyting á áfangastað skoðast alltaf sem afpöntun og ný pöntun. Fyrir aðrar breytingar en að ofan greinir innheimtist sérstakt breytingargjald.

### 5. FRAMSAÐ BÓKUNAR

Farþegi getur framselt bókun sína til aðila sem fullnægir þátttökuskilyrðum. Skal farþegi sem og framsalshafi tilkynna ferðaskrifstofu skriflega strax um slíkt framsal. Framseljandi ferðar og framsalshafi eru þá sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgir gagnvart ferðaskrifstofu og því er varðar greiðslu á eftirstöðvum og öllum atkakostnaði er kann að leiða af slíku framsali.

Óheimilt er að framselja ferð eftir að farseðill hefur verið gefinn út eða í öðrum þeim tilvikum þar sem þeir aðilar sem selja þjónustu í ferðina hafa sett ákveðin skilyrði þannig að það sé ekki í valdi ferðaskrifstofu að breyta þeim.

### 6. AFLÝSING OG BREYTINGAR Á FERÐAÁÆTLUN

Ferðaskrifstofa ber enga ábyrgð á ófyrirsjáanlegum aðstæðum, sem ferðaskrifstofa fær engu um ráðið og hefði ekki getað komið í veg fyrir afleiðingar þeirra. Í slíkum tilvikum er ferðaskrifstofu heimilt að breyta eða aflýsa ferðinni með öllu, enda verði farþegum tilkynnt þar um tafarlaust.

Geri ferðaskrifstofa breytingar á ferð áður en hún hefst skal tilkynna það farþega svo fljótt sem unnt er. Sé um verulega breytingu að ræða ber farþega að tilkynna ferðaskrifstofu eins fljótt og unnt er hvort hann óski eftir að rifta



# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



hluta ferðarinnar er að fluginu snýr hjá viðkomandi flugfélagi, sú forfallatrygging á ekki við um aðra hluta ferðarinnar.

## TRYGGINGAR:

Við hvetjum þá sem ferðast á okkar vegum að huga vel að tryggingum sínum. Hver og einn verður að sjá um sínar tryggingar og bera ábyrgð á að þær séu í lagi. Eldhúsfarir – Cucina Travel og starfsfólk ber ekki ábyrgð á því ef viðskiptavinur hefur sjálfur ekki kynnt sér skilmála tryggingafélaga og kreditkorta og hefur ekki tryggt sig á ferðum sínum.

Tryggingar eru mismunandi og er hér vakin athygli á nokkrum atriðum sem geta skipt máli. Ferðatryggingar fylgja yfirleitt ekki almennum kreditkortum og ekki heldur silfurkortum án fríðinda, en hins vegar silfurkortum með fríðindum, gullkortum og platinakortum. Þegar ferðatrygging fylgir kreditkortu er oft skilyrði að a.m.k. 50% ferðakostnaðar sé greiddur með kortinu. Forfallatrygging er líka innifalin í sumum fjölskyldutryggingum, en það er ekki algilt. Athugið að forfallatrygging er venjulega ekki þáttur í svonefndum ferðatryggingum sem tryggingafélögin bjóða upp á. Venjulega er hægt að kaupa sérstakar forfalla-/farseðlatryggingar hjá tryggingafélögunum. Vinsamlegast kynnið ykkur málið og skilmála hvers tryggingafélags fyrir sig.

Mælt er með að ferðast ávalt með **Evrópska sjúkratryggingakortið** á ykkur, hægt er að sækja um það á síðu Sjúkratrygginga ([www.sjukra.is](http://www.sjukra.is))

## FARANGUR og VERMÆTI

Ferðaskrifstofan ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á farangri í leiguflogi eða í öðrum farartækjum svo sem rútum og öðrum farartækjum eða ef farangur berst farþega seint. Ferðaskrifstofan eða fararstjórar sem vinna á hennar vegum ber ekki ábyrgð á því ef farangur tapast. Farþegum er fjálst að skilja farangur sinn eftir í rútum eða á þeim stöðum sem stoppað er á, en það er ávallt á þeirra eigin ábyrgð. Sé brotist inn í rútur eða farartæki ber ferðaskrifstofa eða fararstjóri ekki ábyrgð á því.

Við mælum með að viðskiptavinir geymi ekki peninga né önnur verðmæti á herbergjum eða skilji þau eftir í rútum eða öðrum farartækjum. Hvorki ferðaskrifstofan, fararstjórar, gististaðir né fyrirtæki farartækja eru ábyrg ef verðmæti tapast.

Við mælum því með að fólk kaupi sér farangurstryggingu.

## SÉRFERÐIR:

Vinsamlegast bókið í valferðir **4 vikum fyrir komudag** á netfangið [sala@eldhusferdir.is](mailto:sala@eldhusferdir.is) eða [jonafanney@gmail.com](mailto:jonafanney@gmail.com) eða hjá þeim aðila sem heldur utan um nöfn hópsins sem safnar þá þeim bókunum og sendir á þetta netfang. Bókunin er bindandi nema látið sé vita viku fyrir ef viðkomandi kemst ekki í ferðina. Ferðaskrifstofu er heimilt að aflýsa ferð ef í ljós kemur að þátttaka er ekki næg og eins að færa til eða fella niður sérferðir gerist þess þörf t.d. vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna.

## FRAMLENGING Á FERÐ:

Hægt er að framlengja ferð, sérstaklega ef flogið er með Ícelandair. Skv. hópaskilmálum Ícelandair þá eru hópferðir bundin við að hópurinn ferðist saman á útleið og heimleið, en þó er heimilt að breyta heimleið gegn gjaldi (sjá verðskrá Ícelandair). Ef erlend flugfélög eru með í bókun eru engar breytingar leyfðar á ferðatilhögun hópsins. Fari einhver út á undan hópnum verður viðkomandi, á eiginkostnað og ábyrgð, að koma sér á þann stað er hópurinn hittist á. Þó getur viðkomandi gert þessar bókanir í gengum þjónustufulltrúa hópsins hjá Ícelandair (sjá verðskrá Ícelandair).

*Eldhúsfarir – Cucina Travel* getur einnig annast breytingar á flugi, bókun á bílaleigubílum, lestarferðum og öðrum ferðum, ásamt bókun á hótelum gegn breytingar- og þjónustugjaldi. Sé ætlunin að framlengja gistinguna á því hóteli sem hópurinn gistir á greiðist ekkert breytingargjald. (Sjá Almenna ferðaskilmála S.A.F. þjónustu- og breytingargjöld). Vinsamlegast látið vita ef þið hafið framlengt ferðina og verðið ekki með í rútunni á flugvöllinn.

Vinsamlegast staðfestið að hafa lesið skilmálana á [sala@eldhusferdir.is](mailto:sala@eldhusferdir.is). Setjið nafn ferðar og dagssetningu ásamt nafni og kennitölu viðkomandi í tölvupóstinn. Merkið póstinn nafni ferðar og staðfesting: *nafn hóps – nafn viðkomandi – staðfesting á skilmálum*. Einnig má senda einn póst fyrir alla þátttakendur í ferðinni eða fá þá þar til gert blað sem þátttakendur kvitta á sem er svo sent til Eldhúsfarir.

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



**Millifærslur** greiðast inn á reikning Eldhúsfarða – Cucina Travel ehf. kt. 470513-2680, nr. 0307-26-1034 í Arion Banka á Blönduósi.

**Kreditkortgreiðslur** – símgreiðslur, þjónustunúmer 848 4712 – Jóna Fanney. Ath. sé ætlunin að greiða með kreditkortinu þá þarf að gera ráð fyrir kreditkortatímabilum. Nýtt tímabil hefst 22. hvers mánaðar og sé ætlunin að dreifa greiðslum þá þarf að gera ráð fyrir því að eftir vissan tíma er ekki hægt að dreifa greiðslum né heldur greiða með kreditkortinu þar sem lokagreiðsla þarf að hafa borist Eldhúsfarðum – Cucina Travel 8 vikum fyrir komudag. Vinsamlegast smíðið ykkur til starfsfólks Eldhúsfarða – Cucina Travel sem fyrst hafið þið hug á að greiða með kreditkortinu og fáið upplýsingar.

**Aðrar greiðslur.** Þeir sem eiga vildarpunkta hjá Ícelandair geta nýtt sér þá ef flogið er með Ícelandair. Þeir sem vilja nýta sér punktana eru vinsamlegast beðnir um að láta starfsfólk Eldhúsfarða – Cucina Travel vita áður en gengið er frá greiðslum. Einnig er hægt að nýta sér svokallaðar orlofsávísanir sem gefnar eru út af stéttarfélagum, en gæta skal þess að þær ávísanir gildi hjá Ícelandair. Einungis er hægt að nota eitt gjafabréf og eina orlofsávísun á mann. (Sjá upplýsingar um notkun vildarpunkta á heimasíðu Ícelandair og upplýsingar um orlofsávísanir hjá stéttarfélagi viðkomandi)

## VERÐ OG VERDBREYTINGAR:

Uppgefið verð við staðfestingu hópatilboðs og fullnaðargreiðslu er háð breytingum á erlendum gjaldmiðli m.a. vegna hótels, rútu og annarrar þjónustu sem greitt er fyrir í evrum og skal gengi dagsins sem fullnaðargreiðsla fer fram gilda. Þá er einnig hafður á fyrirvari vegna óvæntra hækkana á m.a. eldsneyti, sköttum og vegtollum. (Sjá Almenna ferðaskilmála S.A.F. nr. 3)

## AFTURKÖLLUN EDA BREYTINGAR Á PÖNTUN

Heimilt er að afturkalla farpöntun, án kostnaðar, sé það gert innan viku frá því að pöntun var gerð enda séu að lágmarki 5 vikur í brottför. Berist afpöntun síðar, en þó fjórum vikum fyrir brottför, áskilur ferðaskrifstofan sér rétt til að halda staðfestingargjaldinu eftir. Sé pöntun afturkölluð með minna en 28 daga en meira en 14 daga fyrirvara heldur ferðaskrifstofan eftir 50% af verði ferðarinnar. Berist afpöntun með skemmra en 14 daga fyrirvara á ferðaskrifstofan kröfu á 75% fargjaldsins, en sé fyrirvarinn aðeins fjórir virkir dagar eða skemmri er allt fargjaldið óafturkræft. Ekki er unnt að endurgreiða ferð þegar: reglur samstarfsaðila ganga lengra en ferðaskilmálar Eldhúsfarða – Cucina travel eða þegar samningar við samstarfsaðila koma í veg fyrir slíkt (t.d. „non refundable flugfarseðlar eða bókanir á hótelum). Greiðslur sem Eldhúsfarðir – Cucina travel eiga að greiða til samstarfsaðila á Íslandi eða erlendis eru ekki endurgreiddar nema því aðeins að endurgreiðsla fái frá þeim þjónustuaðilum. (Sjá Almenna ferðaskilmála S.A.F. nr. 4)

## FLUG:

Sé flogið með Ícelandair þá gilda skilmálar Ícelandair um allt er viðkemur fluginu, s.s. eins og endurgreiðslu á flugi, forfallagjald og bókanar- og breytingagjöld. Engar endurgreiðslur eru leyfðar nema greitt hafi verið forfallagjald fyrir flugið og skilmálum þess fullnægt. Forfallagjald er 2.050 kr. og skal greiðast fyrir útgáfu farseðla. Þeir sem vilja kaupaforfallagjald í gegnum Ícelandair eru vinsamlegast beðnir um að láta starfsfólk Eldhúsfarða – Cucina Travel vita áður en gengið er frá greiðslum. Þetta forfallagjald á aðeins við um þann hluta ferðarinnar er að fluginu snýr og gildir ekki fyrir staðfestingargjald eða nokkrar aðrar greiðslur til Eldhúsfarða – Cucina travel. Eldhúsfarðir – Cucina travel sjá ekki um endurgreiðslu vegna flugs komi til hennar. (Sjá heimasíðu Ícelandair)

## UPPLÝSINGAR UM FARÞEGA og FORSKRÁNING:

Þá þurfa upplýsingar um nöfn þátttakenda, kennitölur, símanúmer og netfang (ef þið eruð með netfang) að berast helst um leið og staðfestingargjald. Gæta skal að nöfn farþega séu í samræmi vegabréf. Skila þarf endanlegum nafnalista eigi síðar en 6 – 8 vikum fyrir komudag. Senda þarf nafnalista á ferðaskrifstofuna og Ícelandair.

## VEGABRÉF:

Athugið tímanlega að vegabréf sé í gildi.

## FORFALLAGJALD/SJÁLFSÁBYRGÐARGJALD

Ferðaskrifstofan ráðleggur öllum sínum farþegum að verða sér út um forfallatryggingu hjá tryggingafélagi viðkomandi. Ætli viðkomandi sér að kaupa forfallatryggingu hjá tryggingafélagi þá þarf venjulega að kaupa hana innan 7 daga frá því að staðfestingargjaldið er greitt. Vegna flugs er oft hægt að kaupa forfallatryggingu fyrir þann

---

Eldhúsfarðir - Cucina Travel ehf. / Litladal 541 Blönduósi / Kt. 470513-2680 / Sími 00354 848 4712, 0039 331 922 3514 / sala@eldhusferdir.is

Með fyrirvara um prentvillur .....

Karlakór Kjalnesinga - Cardiff, Wales 2016 ©Eldhúsfarðir - Cucina Travel | 9

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



## VERÐ OG SKILMÁLAR

Grunnverð frá 158.650 kr.

Aukagjald fyrir einbýli 27.500 kr.

### Innifalið í verði:

- flug með Icelandair til og frá London Heathrow
- rúta til og frá flugvelli
- gisting í 2 manna herbergi m. morgunverði á 3ja stjörnu hóteli í miðbænum (sjá aukagjald v. einstaklingsherb.)
- 2 kvöldverðir (komudag og síðasta kvöldið)
- tónleikaskipulag, húsaleiga og ferðir
- öll fararstjórn m. íslenskum fararstjórum

### Ekki innifalið í verði og valfrjálst:

- Aðgangseyrir inn á söfn, kláfar, ferjur, lestarferðir/strætó, hádegisverðir, 3 kvöldverðir, drykkir
- Sérferðir (verð á sérferðum er á bilinu 8.000 – 13.000 kr.)

Verð þetta miðast við 85 - 100 manns og að hópurinn ferðist saman. Allar breytingar á ferðinni eru á kostnað viðkomandi einstaklings, s.s. eins og framlenging á ferð, breytingar á heimflugi, fleiri gistinætur, kostnaður við að koma sér á flugvöllinum ef ferð er breytt o.s. frv. og er breytingagjald tekið fyrir alla þjónustu vegna breytinga nema þjónustu v. framlengingar á gistingu á Hotel Città eða því hóteli sem gist verður á (sjá neðar Framlenging á ferð).

Verð þetta getur breyst þar sem ekkert hefur verið bókað eða staðfest. Einnig er fyrirvari v. óvæntra verðhækkana hjá þjónustuaðilum v. m.a. skatta-, tolla- og þjónustugjaldabreytinga, hækkun á eldsneyti og þess háttar (sjá kafla um verð og verðhækkanir)

### FULLNAÐARGREIÐSLA OG GREIÐSLUKJÖR - HÓPAR:

7 dögum eftir að tilboði er tekið og eigi síðar en **23. nóvember 2015**, þarf að greiða staðfestingargjald sem er lágmark 25.000 kr. af heildarverði ferðar. **Staðfestingargjaldið er óendurkræft.** (Sjá kafla um forfallatryggingu og Almenna ferðaskilmála S.A.F. nr. 2)

Fullnaðargreiðsla annarar þjónustu en flugs fari fram 8 vikum fyrir komudag, **9. júní 2016** eða þá skv. samkomulagi, t.d. sé þess óskað að greiða fyrir ferðina í fleiri greiðslum en staðfestingargreiðslu og fullnaðargreiðslu. Sé bókun gerð innan 6 vikna skal fullnaðargreiðsla fara fram við bókun. Samið er við hvern hóp fyrir sig um háttarlag greiðslu

Hægt er að greiða fyrir flug í gegnum greiðslusiðu hjá Icelandair en eins er hægt að fá Eldhúsfærðir til að hafa milligöngu um greiðslu flugfars gegn vægu gjaldi.

### Greiðsluleið 1.

Millifærsla á bankareikning:

1. Staðfestingargjald 7 dögum eftir að tilboði er tekið (Fæst ekki endurgreitt) **23. nóvember 2015**
2. Fyrsta greiðsla 3 mán. fyrir komudag eða eftir samkomulagi
3. Fullnaðargreiðsla 8 vikum fyrir komudag **9. júní 2016**

### Greiðsluleið 2.

Millifærsla á bankareikning:

1. Staðfestingargjald 7 dögum eftir að tilboði er tekið (Fæst ekki endurgreitt) **23. nóvember 2015**
2. Fullnaðargreiðsla 8 vikum fyrir komudag **9. júní 2016**

### Greiðsluleið 3.

Með kreditkortu, VISA eða Mastercard:

1. Staðfestingargjald 7 dögum eftir að tilboði er tekið (Fæst ekki endurgreitt) **23. nóvember 2015**
2. Eingreiðsla eða greiðsludreifing (afh. síðasta greiðsla verður alltaf að hafa borist 8 vikum fyrir komudag, sjá skýringu neðar í textanum, vinsamlegast hafið samband tímanlega ef óskað er eftir greiðsludreifingu) **9. júní 2016**

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



## **BREYTINGAR Á FERÐALÝSINGU:**

Eldhúsfarar – Cucina Travel áskilur sér rétt til að hreyfa við ferðalýsingu og jafnvel færa ferðir milli daga, svo framarlega sem það hafi ekki áhrif á verð ferðarinnar. Tímasetningar sem gefnar eru upp við pöntun ferðar eru áætlaðar og geta breyst. (Sjá Almenna ferðaskilmála S.A.F nr. 6)

## **FARANGUR og VERMÆTI**

Ferðaskrifstofan ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á farangri í leiguflogi eða í öðrum farartækjum svo sem rútum og öðrum farartækjum eða ef farangur berst farþega seint. Ferðaskrifstofan eða fararstjórar sem vinna á hennar vegum ber ekki ábyrgð á því ef farangur tapast. Farþegum er frjálst að skilja farangur sinn eftir í rútum eða á þeim stöðum sem stoppað er á, en það er ávallt á þeirra eigin ábyrgð. Sé brotist inn í rútur eða farartæki ber ferðaskrifstofa eða fararstjóri ekki ábyrgð á því.

Við mælum með að hvorki peningar né önnur verðmæti séu skilin eftir herbergjum eða í rútum og öðrum farartækjum. Hvorki ferðaskrifstofan, fararstjórar, gististaðir né fyrirtæki farartækja eru ábyrg ef verðmæti tapast.

Fólki er alltaf velkomið að leita ráða hjá fararstjórum.

**Setjið símanúmer fararstjóra í símann ykkar!**

**Símanúmer: EIH 0039 331 922 3515,  
Jóna Fanney 0039 331 922 3514 / 00354 848 4712**

**Netfang: sala@eldhusferdir.is, jonfanney@gmail.com**

# ELDHÚSFERÐIR – CUCINA TRAVEL



## NOKKRIR GÓÐIR PUNKTAR FYRIR FERÐALAGIÐ

Vinsamlegast mætið tímanlega til brottfarar hverju sinni. Ekki er beðið eftir þeim sem mæta seint þegar lagt er af stað í ferðir.

Vinsamlegast látið vita ef þið ákveðið að koma ekki með í einhverja ferð. Senda t.d. sms á fararstjóra eða biðja einhvern um að koma skilaboðum til fararstjóra.

Gætið ykkar að fylgja hópnunum og láta vita ef þið tefjist. Ágætt er að hafa „nágrannavaktina“ virka.

### MORGUNMATUR:

Morgunmatur á hótelinu alla daga frá kl. 07 – 10.

### HÓTELID:

Það eru 2 hótél í miðbænum sem við erum með handa ykkur og biðja ásamt okkur eftir svari frá ykkur og staðfestingu.

Vinsamlegast virðið reglur hótelsins um að ganga hljóðlega um þegar komið er á hótelið seint á kvöldin eða á næturnar. Virðum aðra hótलगesti. Annars er þjónustan þarna mjög liðleg.

Ef einhverjar séróskir eru um herbergi, t.d. eftir hæðum eða eitthvað annað, látið vita og reynt verður eins og hægt er að koma til móts við óskir viðkomandi.

### VATN:

Kranavatn í Cardiff er sagt drykkjarhæft, en spyrjist samt fyrir.

### LEIGUBÍLAR:

Ef einhverjir treysta sér ekki til að ganga og vilja nýta sér þjónustu t.d. leigubíla, þá vinsamlegast látið vita tímanlega og fararstjórar eða fáið starfsfólkið í lobbíinu á hótelinu til að sjá um þöntunina.

### ÞJÓRFÉ:

Það er ekki nauðsynlegt að skilja eftir þjórfe en oftast er það þó gert. Á veitingahúsum: frá 5 – 10% af heildarreikningi. Eðlilega er þjórfe ekki gefið ef matur og þjónusta stóðust ekki væntingar. Sé setið fram eftir og jafnvel fram yfir opnunartíma, t.d. á hótelnunum, þá skildi gefa þjórfe, eins ef setið er í stórum hóp.

Líki fólki þjónustan á þeim veitingastöðum sem hópurinn borðar á, er sjálfsagt að skilja eftir smá aur, eins fyrir rútubílstjóra og fararstjóra þegar farið er í lengri ferðir.

### SÓLARÁBURÐUR OG LÉTTAR YFIRHAFNIR Á SÓLRÍKUM DÖGUM:

Það er ágætt að vera með sólaráburð og léttar yfirhafnir með sér þegar farið er í sérferðirnar.

### SKÓFATNAÐUR OG KLÆÐNAÐUR Í GÖNGU- og SKOÐUNARFERÐUM:

Takið með ykkur þægilega skó til að ganga í þegar farið er í gönguferðir og sérferðir

### GÖNGUFERÐIR:

Í gönguferðum skal gæta þess að fara eftir tilmælum fararstjóra og varast að víkja af fyrirfram ákveðnum leiðum.

### OFNÆMI, SÉRÓSKIR Í MAT, SJÚKDÓMAR:

Vinsamlegast látið vita tímanlega um ofnæmi/óþol og eins séróskir í mat svo hægt sé að láta vita á veitingastöðum. Eins er gott að vita ef að um alvarlega sjúkdóma er að ræða.